

Reykjavík, 13. mars 2019.

**Nefndasvið Alþingis**  
**Velferðarnefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Umsögn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, RBF, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda.**  
**Þingskjal 1269 - 665. mál.**

Rannsóknastofnuna í barna- og fjölskylduvernd, RBF við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands fagnar frumvarpinu og telur það vera mikilvæga réttarbót fyrir börn í erfiðum aðstæðum við alvarleg veikindi og andlát foreldris. Með frumvarpinu eru tekin nauðsynleg skref sem tryggja börnum rétt til upplýsinga, þátttöku og stuðnings í velferðarþjónustu skóla heilbrigðis- og félagsþjónustu við þessar aðstæður. Annar mikilvægur tilgangur þessa frumvarps sem ber ekki síður að fagna er að hugað er að samræmdri þjónustu og samtengingu milli kerfa í þjónustu við börn þegar foreldrar þeirra stríða við banvæn veikindi. Í öllum þessum atriðum hefur Ísland verið eftirbátur hinna Norðurlandanna. Með þessu frumvarpi er stigið framfaraskref á grunni íslenskra rannsókna og hliðsjón höfð af lagaramma og framkvæmd þjónustu í velferðarríkjum Norðurlanda.

RBF telur að samþykkja megi frumvarpið óbreytt en þó færi vel á því að hnykkja nánar á eftirfarandi þáttum:

1. skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð fagstétta (félagsráðgjafa, hjúkrunarfr.,lækna osfrv) gagnvart börnum við áföll foreldra og kveða nánar á um það í reglugerð,
2. skilgreiningu verkferla um kerfasamstarf, einkum gagnvart skóla barnsins
3. samræmi í hugtakanotkun sbr. *forsjá barns* (sbr. barnalög nr. 76/2003) frekar en forráðamaður sem er óljósara hugtak,
4. rétti barns til upplýsinga, þátttöku og stuðnings og til að tjá þarfir sínar og vilja óháð aldri en í samstarfi við foreldra og leiðsögn fyrir þá um samtöl og samráð (sbr. *Fjölskyldubrú* á LHS)
5. rétti barns til að tjá þarfir sínar og vilja, m.a. geta óskað eftir umgengni við ættingja látins foreldris *óháð* aldri sbr. lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013.
6. þörf barns fyrir *talsmann*, og það sé hluti af árvekni og ábyrgð fagfólks að gæta að því (sbr. 1og 5 að ofan) þegar togstreita eða ágreiningur er í fjölskyldu þess um forsjá og umgengni, ekki síst við andlát foreldris.

Virðingarfyllst,

f.h. Rannsóknarstofnunar í barna-og fjölskylduverd,

Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent og stjórnarm. RBF

Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita í félagsráðgjöf.